

Þriðjudaginn 9. janúar 1990.

Nr. 120/1989. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Guðmundi Breiðfjörð Ægissyni

(Stefán Pálsson hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu,
lögskýring. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1989 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Þess er og krafist, að ákvæði héraðsdóms um bætur verði staðfest.

Verjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju, en til vara, að ákærði hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, og að hún verði skilorðsbundin.

I.

Fulltrúinn, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð sýslumannsins í Árnessýslu, og lýsir Andrés Valdimarsson sýslumaður verkefnum hans þannig í bréfi, dagsettu 12. desember 1989:

„Hér með staðfestist, að Þorgeir Ingi Njálsson lögfræðingur kom til starfa hér við embættið þann 1. júní 1987. Skipunarbréf hans í starf dómarafulltrúa er dagsett 12. júní 1987.

Starfssvið hans frá ofangreindum tíma til 16. september sl. var eftirfarandi: Bæjarþing, þ.e. þingfestingar, áritanir og dómur í úti-vistarmálum, fógetaréttur 2. hvern mánuð, lögreglumál, sakadómur (dómsátta- og ákærumál), lausafjáruppboð og eftir atvikum úrskurðir í uppboðsrétti almennt.

Starf Þorgeirs á sviði lögreglumála hefur m.a. verið fólgið í því að aðstoða lögreglu við rannsóknir á brotamálum og mæla fyrir

um það, hvernig staðið skuli að rannsókn þeirra. Hann hefur haft umsjón með kæruskrá embættisins, ákvarðað lögreglustjórasæktir, skrifað með málum, sem send eru ríkissaksóknara til fyrirsagnar, og sent mál í önnur lögsagnarumdæmi til frekari rannsóknar, svo eitthvað sé nefnt.“

Skjöl máls þessa bera með sér, að málið var rannsakað af lögreglunni í Árnessýslu. Ekki verður séð af skjölunum, að Þorgeir Ingi Njálsson hafi haft önnur afskipti af rannsókninni en þau, að hann sendi málið til fyrirsagnar ríkissaksóknara með bréfi 6. júlí 1988.

II.

Það hefur lengi tíðkast hér á landi, að svipaður háttur og sá, sem lýst er í bréfi sýslumannsins í Árnessýslu, væri á umboðs- og dóm-arastörfum í héraði, þó að það hafi nú um langt skeið ekki verið svo í Reykjavík og að nokkur breyting hafi orðið á sums staðar annars staðar. Í dómum Hæstaréttar 1985:1290 og 1987:356 var ekki talið, að 2. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 stæði þessu í vegi, enda ráð fyrir því gert í 61. gr. hennar, að dómendur geti haft umboðsstörf á hendi. Sögulegar og landfræðilegar aðstæður hafa leitt til þess, að sömu menn hafa hér á landi gegnt störfum bæði á sviði stjórnarsýslu og dómsýslu. Samrýmist þetta illa viðhorfum í ríkjum, sem um annað byggja á svipuðum réttarhugmyndum og Ísland.

III.

Á árinu 1953 var fullgiltur fyrir Ísland Evrópuráðssamningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Er hann oftast nefndur mannréttinasáttmáli Evrópu. Segir meðal annars í 6. gr. 1. mgr. sáttmálans:

„Nú leikur vafi á um réttindi þegns og skyldur eða hann er borinn sökum um glæpsamlegt athæfi, og skal hann þá njóta réttlátrar og opinberrar rannsóknar innan hæfilegs tíma fyrir óháðum, óhlutdrægum, lögmæltum dómstóli...“

Ríkisstjórnin leitaði fyrst eftir samþykki Alþingis til að gerast fyrir Íslands hönd aðili að mannréttinasáttmála Evrópu haustið 1951, en málið varð ekki útrætt á því þingi. Það var þó tekið til umræðu, og var ræðumaður aðeins einn, þáverandi dómsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson. Í ræðu sinni sagði hann meðal annars:

„Um þau réttindi, sem hér eru talin, er það í stuttu máli að segja, að í öllu því, sem nokkru máli skiptir, þá eru þau réttindi nú þegar beinlínis veitt borgurunum berum orðum í íslenskri löggjöf og að nokkru leyti í sjálfri stj.skr., eða þá, að það eru slík grundvallarréttindi, að þau eru talin felast í meginreglum íslenskra laga, jafnvel þó að ekki sé berum orðum fram tekið. Þess vegna má segja, að 1. kafli þessa samnings sé hér á landi engin nýjung, því að þar eru talin upp þau réttindi, sem borgararnir þegar hafa notið og talin eru sjálfsagður þáttur í verndun íslenskra borgara gegn ofurvaldi ríkisvaldsins eða ásælni af annarra hálfu.“ (Alþingistíðindi 1951, D, 239-240).

Af þessu verður ráðið, að ríkisstjórnin taldi, þegar mannréttindasáttmálinn var fullgiltur, að íslenskar réttarreglur væru í samræmi við hann, eins og sáttmálinn þá var skýrður. Eftir þetta hafa mörg ákvæði hans verið nánar skýrð við meðferð kærumála hjá Mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóli Evrópu.

Með fullgildingunni gekkst Ísland að þjóðarétti undir að hlíta ákvæðum sáttmálans.

Með lögum nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði var tekin sú stefna, að sömu menn skyldu ekki fara með þessa tvo þætti ríkisvaldsins. Lögin taka gildi 1. júlí 1992.

IV.

Fram er komið, að menn þeir, sem sakfelldir voru í þeim tveimur dómum Hæstaréttar, sem nefndir voru, hafa sent kæru til Mannréttindanefndar Evrópu með heimild í mannréttindasáttmálanum. Um mál Jóns Kristinssonar, en mál hans var dæmt í Hæstarétti með dómnum 1985:1290, gerði mannréttindanefndin skýrslu, sem gengið var frá 8. mars 1989. Niðurstöðu sína dregur mannréttindanefndin saman með þessum orðum:

„Nefndarmenn eru sammála um þá niðurstöðu, að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 6. gr. samningsins, þar sem sakadómur Akureyrar hafi ekki verið óhlutdrægur dómstóll, er hann fann kæranda sekan og dæmdi hann til refsingar.“

Mannréttindanefndin skaut máli Jóns Kristinssonar til Mannréttindadómstóls Evrópu, og er ætlunin að taka það fyrir á dómþingi í febrúar 1990. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt svohljóðandi skjal:

„Vér, ríkisstjórn Íslands og Jón Kristinsson, Byggðavegi 95, Akureyri, Íslandi, höfum í dag orðið sammála um að æskja þess við Mannréttindadómstól Evrópu, að hann felli niður með samþykki Mannréttindanefndar Evrópu mál hennar á hendur ríkisstjórn Íslands sökum þess, að vér höfum nú gert með oss svofellda

SÁTT:

Þann 27. desember 1984 var Jón Kristinsson dæmdur í sakadómi Akureyrar til að greiða sekt, að fjárhæð ÍKR 3.000 til ríkissjóðs Íslands fyrir brot gegn umferðarlögum, sem honum var gefið að sök að hafa framið 20. og 26. júní það ár, auk þess, að honum var gert að greiða allan kostnað af rekstri máls ákæruvaldsins á hendur sér. Að kröfu Jóns Kristinssonar var dómi þessum áfrýjað til Hæstaréttar Íslands og var að hluta staðfestur með dómi hans, upp kveðnum 25. nóvember 1985, þannig að sekt á hendur Jóni Kristinssyni var ákvörðuð ÍKR 1.500, auk þess, að honum var gert að greiða allan kostnað af málinu, bæði fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti Íslands. Samkvæmt dómi þessum greiddi Jón Kristinsson þann 5. febrúar 1986 ríkissjóði Íslands sekt að fjárhæð ÍKR 1.500 og sakarkostnað, ÍKR 25.150, eða alls ÍKR 26.650. Þann 12. maí 1986 lagði Jón Kristinsson fram kæru fyrir Mannréttindanefnd Evrópu á hendur ríkisstjórn Íslands fyrir að hafa brotið, með lögum nr. 74, 27. apríl 1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., gegn ákvæðum 1. málsgreinar 6. greinar Samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem Forseti Íslands fullgilti af hálfu íslenska ríkisins þann 19. júní 1953. Brot þetta taldi Jón Kristinsson felast í því, að á grundvelli framangreindra laga hafi mál hans verið rannsakað af lögreglustjóranum á Akureyri og dæmt af sakadómaranum á Akureyri, sem hafi verið einn og sami embættismaður, og hafi hann því ekki notið réttlátrar rannsóknar fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Mannréttindanefnd Evrópu ákvað þann 13. október 1987, að erindi Jóns Kristinssonar væri hæft til meðferðar. Þá ályktaði Mannréttindanefnd Evrópu einróma þann 10. apríl 1989 (sic), að ríkisstjórn Íslands hafi með framangreindum hætti brotið gegn umræddri 1. málsgrein 6. greinar Samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, og ákvað hún að leggja mál af þessum sökum á hendur ríkisstjórn Íslands fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Þann 19. maí 1989 afgreiddi Alþingi

sem lög frumvarp til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, og staðfesti Forseti Íslands þau þann 1. júní 1989. Í lögum þessum, nr. 92,1989, sem taka gildi 1. júlí 1992, er kveðið á um, að lögreglustjórn verði frá þeim tíma í höndum umboðsmanna framkvæmdarvalds ríkisins í héraði, sýslumanna, en héraðsdómstólar, óháðir og ótengdir framkvæmdarvaldinu, leysi úr um sekt manna af refsiverðri háttsemi.

Vegna setningar laga nr. 92,1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, og vegna framangreindrar afstöðu Mannréttindanefndar Evrópu til erindis Jóns Kristinssonar eru ríkisstjórn Íslands og Jón Kristinsson nú sammála um að ljúka ágreiningi sínum með eftirfarandi skilmálum:

1. Að ríkissjóður Íslands endurgreiði Jóni Kristinssyni þá sekt og þann sakarkostnað, sem hann hefur innt af hendi, ÍKR 26.650, auk vaxta frá 12. maí 1986, ÍKR 53.353, eða samtals ÍKR 80.003.
2. Að ríkissjóður Íslands greiði Jóni Kristinssyni þann kostnað af lögfræðilegri aðstoð vegna erindis hans til Mannréttindanefndar Evrópu, sem hann hefur orðið að bera, samtals ÍKR 461.130, en þá hefur verið tekið tillit til þeirrar fjárhagslegu aðstoðar, sem Jón Kristinsson hefur notið frá Mannréttindanefnd Evrópu af þessum sökum.
3. Að Jón Kristinsson skuldbindi sig, að greiddum framangreindum fjárhæðum og án þess að hljóta skaðabætur eða aðrar frekari greiðslur úr ríkissjóði Íslands, til að fylgja ekki frekar eftir því máli á hendur ríkisstjórn Íslands, sem rekið er fyrir Mannréttindadómstól Evrópu, og til að höfða ekki nokkurt annað mál á hendur íslenska ríkinu vegna áðurnefndra atvika fyrir íslenskum dómstólum eða alþjóðadómstólum.
4. Að Jón Kristinsson fallist á, að ríkissjóður Íslands inni af hendi áðurnefndar greiðslur þegar í stað, ef Mannréttindadómstóll Evrópu samþykkir að fella niður mál Mannréttindanefndar Evrópu á hendur ríkisstjórn Íslands samkvæmt 2. málsgrein 48. greinar reglna sinna.
5. Að dómsmálaráðherra Íslands muni beina þeim tilmælum til ríkissaksóknara, að sú athugasemd verði færð í sakaskrá ríkisins varðandi Jón Kristinsson, að ríkisstjórn Íslands hafi, vegna afstöðu Mannréttindanefndar Evrópu til erindis hans, gert sátt við

hann í dag um endurgreiðslu þess, sem honum var gert að greiða í ríkissjóð Íslands samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum 25. nóvember 1985.

6. Að skuldbindingar ríkisstjórnar Íslands annars vegar og Jóns Kristinssonar hins vegar samkvæmt sátt þessari falli sjálfkrafa niður, veiti Mannréttindadómstóll Evrópu ekki samþykki sitt samkvæmt því, sem segir í framangreindum 4. lið sáttar þessarar.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 1989.

Af hálfu ríkisstjórnar
Íslands:

Óli Þ. Guðbjartsson
dómsmálaráðherra,
samkvæmt samþykkt
ríkisstjórnar Íslands
24. nóvember 1989.

Af hálfu Jóns
Kristinssonar:

Eiríkur Tómasson
hæstaréttarlögmaður,
samkvæmt umboði
dagsettu 17.
nóvember 1989.“

Ekki er fram komið, hvaða meðferð kæra Einars Sverrissonar, sem hlaut dóm með hrd. 1987:356, hefur til þessa fengið hjá Mannréttindanefnd Evrópu. Sátt hefur verið gerð milli Einars og ríkisstjórnarinnar, og er hún um efnisatriði svipuð og sáttin við Jón Kristinsson.

V.

Í málinu er á þetta að líta:

Í stjórnarskrá lýðveldisins er byggt á þeirri meginreglu, að ríkisvaldið sé þríþætt og að sérstakir dómara fari með dómvaldið.

Þær sérstöku sögulegu og landfræðilegu aðstæður, sem bjuggu því að baki, að sömu menn fara utan Reykjavíkur oftsinnis bæði með stjórnsýslu og dómstörf, hafa nú minni þýðingu en fyrr, meðal annars vegna greiðari samgangna en áður var.

Alþingi hefur sett lög um aðskilnað dómssvalds og umboðssvalds í héraði, sem taka eiga gildi 1. júlí 1992.

Ísland hefur að þjóðarétti skuldbundið sig til að virða mannréttindasáttmála Evrópu.

Mannréttindanefnd Evrópu hefur einróma ályktað, að málsmeðferðin í máli Jóns Kristinssonar, sem fyrr er lýst, hafi ekki verið í samræmi við 6. gr. 1. mgr. mannréttindasáttmálans.

Ríkisstjórn Íslands hefur, eftir að fyrrgreindu máli var skotið til Mannréttindadómstóls Evrópu, gert sátt við Jón Kristinsson, svo og annan mann sem kært hefur svipað málefni með þeim hætti sem lýst hefur verið.

Í 36. gr. 7. tl. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði segir meðal annars, að dómari skuli víkja úr dómarasæti, ef hætta er á því, „að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu“. Þessu ákvæði ber einnig að beita um opinber mál samkvæmt 15. gr. 2. mgr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Í máli þessu er ekkert fram komið, sem bendir til þess, að dómarafulltrúinn, sem kvað upp héraðsdóminn, hafi litið hlutdrægt á málavöxtu. Hins vegar verður að fallast á það með Mannréttindanefnd Evrópu, að almennt verði ekki talin næg trygging fyrir óhlutdrægni í dómstörfum, þegar sami maður vinnur bæði að þeim og lögreglustjórn.

Með tilliti til þess, sem rakið hefur verið, ber nú að skýra fyrrgreind lagaákvæði þannig, að sýslumanninum í Árnassýslu og fulltrúa hans, sem kvað upp héraðsdóminn, hafi borið að víkja sæti í máli þessu. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir sakadómi Árnassýslu og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og segir í dómsorði. Fjárhæðin, sem þar er tilgreind, er án söluskatts og virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir sakadómi Árnassýslu. Er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Allur áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Árnassýslu 25. janúar 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 25. janúar, er á dómþingi sakadóms Árnassýslu, sem háð er að Hörðuvöllum 1, Selfossi, af Þorgeiri Inga Njálssyni dómara-

fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 3053/87: Ákærvaldið gegn Guðmundi Breiðfjörð Ægissyni, sem dómtekið var 5. s.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. ágúst 1988, á hendur „Guðmundi Breiðfjörð Ægissyni vélamanni, Tjarnarlundi, Stokkseyri, Árnessýslu, fæddum 24. júlí 1965 í Reykjavík, fyrir eftirtalin brot, framin á árinu 1987:

I.

Í júní og september svikið út hjólbarða hjá Gúmmívinnustofunni hf., Réttarhálsi 2, Reykjavík, í nafni Loftorku sf., Borgarnesi, og undirritað reikninga með fölsuðum nöfnum:

1. Þann 5. júní fjóra hjólbarða fyrir samtals kr. 16.200 og undirritað reikning með nafni Sigurðar Harðarsonar.

2. Þann 21. september átta hjólbarða fyrir samtals kr. 23.540 og undirritað reikning með nafni Jóhannesar Bergs.

Telst þetta varða við 248. gr. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

II.

Í ágúst svikið út varahluti í bifreið, sem ákærði með símhringingum pantaði í nafni Loftorku sf., Borgarnesi, hjá Velti hf., Reykjavík, og lét senda sér til Selfoss, þ.e. dælu fyrir kr. 25.461 samkvæmt reikningi, dagsettum 27. ágúst, og diskasett fyrir kr. 3.098 samkvæmt reikningi, dagsettum 28. ágúst.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

I.

Þann 5. júní 1987 tók ákærði út 4 hjólbarða hjá Gúmmívinnustofunni hf., Réttarhálsi 2, Reykjavík, fyrir kr. 16.200 og lét skrifa þá hjá Loftorku sf. í Borgarnesi. Kvittaði ákærði fyrir móttöku á hjólbörðunum með nafni Sigurðar Harðarsonar. Þann 21. september sama ár tók ákærði síðan út 8 hjólbarða hjá sama fyrirtæki fyrir samtals kr. 23.540 og lét sem fyrr skrifa þá hjá Loftorku sf. Kvittaði ákærði fyrir móttöku á hjólbörðum þessum með nafni Jóhannesar Bergs. Ákærði hafði enga heimild til framangreindra úttekta, og hjólbarðana notaði hann í eigin þágu.

Með framangreindri háttsemi, sem telst sönnuð með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, hefur ákærði brotið gegn 248. gr. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í lok ágústmánaðar 1987 hringdi ákærði tvívegis í Velti hf. í Reykjavík og pantaði varahluti í sjálfskiptingu. Um var að ræða dælu og diskasett. Óskaði ákærði eftir því, að hlutir þessir yrðu sendir til Selfoss og merktir Loftorku sf. Einnig bað ákærði um, að reikningar vegna úttektanna yrðu sendir Loftorku sf. Eru umræddir reikningar dagsettir 27. og 28. ágúst 1987, samtals að fjárhæð kr. 28.559. Ákærði hafði enga heimild til framangreindra úttekta, og umrædda hluti sótti hann á móttökustað og notaði síðan í eigin þágu.

Með þessari háttsemi sinni, sem telst sönnuð með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, hefur ákærði brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Viðurlög.

Ákærði hefur sætt þessum refsingum:

- 1985 26/11 Sátt: 7.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sv. ökuleyfi í 3 mán.
 1987 6/1 Sátt: 10.000 kr. sekt f. brot g. 217. gr. hgl., 45. og 50. gr. umfl.
 1987 4/8 Sátt: 10.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
 1988 26/2 Sátt: 15.000 kr. sekt f. brot g. 1. og 2. mgr. 50. gr. umfl. Sv. ökuleyfi í 1 mán. frá 26/2 1988.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19,1940, hæfilega ákveðin fangelsi 2 mánuði. Eigi eru efni til að skilorðsbinda refsinguna.

Skaðabætur o.fl.

Eftirtaldir aðilar hafa komið að í máli þessu fjárkröfum á hendur ákærða:

Veltir hf., kr. 34.699.

Gúmmívinnustofan hf., kr. 48.396.

Kröfur þessar, sem ákærði hefur samþykkt, verða teknar til greina. Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Breiðfjörð Ægisson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði Velti hf. kr. 34.699 og Gúmmívinnustofunni hf. kr. 48.396.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.